

**48. stjórnarfundur Austurbrúar haldinn þriðjudaginn 19. maí kl.
14:30**

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í Tónlistarmiðstöðinni á Eskifirði.

Mættir stjórnarmenn: Jón Björn Hákonarsson (JBH), Karl Lauritzson (KL), Berglind Hasler (BH), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB) og Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Boðuð forföll: Sveinn Jónsson (SJ), Páll Baldursson (PB), Þórunn Egilsdóttir (ÞE)

Mættir starfsmenn: Guðrún Jónsdóttir (GJ), Signý Ormarsdóttir (SO), Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Ársfundur Austurbrúar - fyrirkomulag
3. Rekstraryfirlit fyrstu 3 mánuði 2015
4. Önnur mál
 - i) Starfsmannamál
 - ii) Húsnæðismál Vonarlandi
 - iii) Tillaga fyrir ársfund um stjórnarlaun Austurbrúar
 - iv) Tillaga fyrir ársfund um skoðun á rekstrarformi Austurbrúar

Sæunn Stefánsdóttir varaformaður setti fundinn og bauð alla velkomna í fjarveru formanns við fyrstu tvo fundarliðina vegna setu hans á stjórnarfundum SSA.

1) Staðfesting fundargerða

Fundargerð 47. fundar stjórnar staðfest.

2) Ársfundur Austurbrúar - fyrirkomulag

JÁÐ fór yfir fyrirkomulag ársfundar og úthlutunarathafnar vegna Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Á ársfundi verður Hilmar Gunnlaugsson lögmaður fundarstjóri og Björg Björnsdóttir fundarritari. JBH opnar ársfundinn og síðan verður dagskráin skv. fyrirmælum í skipulagsskrá. Við Úthlutunarathöfn Uppbyggingarsjóðs Austurlands þá stýrir JÁÐ dagskrá en Signý Ormarsdóttir og Hólmsfríður Sveinsdóttir koma til með að afhenda styrkina.

Jón Björn Hákonarson formaður kemur inn á fundinn og tekur við stjórn fundarins.

3) Rekstraryfirlit fyrstu 3 mánuði ársins

JÁÐ fór yfir rekstraryfirlit sem unnið hefur verið upp úr bókhaldinu fyrir fyrstu 3 mánuði ársins. Um er að ræða óendurskoðað innanhúss yfirlit og ekki hægt að fullyrða að sé algjörlega laust við villur. Vísbindingarnar eru að jafnvægi sé að nást sem er í nokkuð góðu samræmi við tilfinningu JÁÐ fyrir rekstrinum. Reksturinn stendur hins vegar ennþá mjög tæpt og að mikilvægt sé að styrkja tekjugrunn stofnunarinnar enn frekar og að áframhaldandi aðhalds í rekstri verði gætt.

4) Önnur mál

i) Starfsmannamál.

JÁÐ fer yfir stöðu mála.

ii) Húsnæðismál Vonarlandi – gögn frá Vísindagarði.

JÁÐ upplýsir um samtal við forsvarsmann Vísindagarðsins og að jákvætt hafi verið tekið í tillögu að breytingu á þeim samningsdrögum sem stjórn lagði til. Reiknað er með að samningur verði undirritaður í næstu viku á þessum nótum.

iii) Tillaga fyrir ársfund um stjórnarlaun

JÁÐ fer yfir stjórnarlaun. Liggja þarf fyrir ársfundi tillaga um stjórnarlaun. Stjórn Austurbrúar samþykkir að leggja eftirfarandi tillögu fyrir ársfund í samræmi við tillögur starfsháttanefndar.

Stjórn Austurbrúar leggur til að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú skuli vera óbreytt frá fyrra ári eða 15.000 fyrir hverja fundarsetu nefndarmanns og 30.000 til formanns stjórnar.

iv) Tillaga fyrir ársfund um skoðun á rekstrarformi Austurbrúar

JÁÐ fór yfir orðalag tillögu sem er í samræmi við það sem áður hefur verið rætt innan stjórnar þ.e. að það þurfi, sem lið í endurskipulagningu Austurbrúar, að fara yfir kosti og galla sjálfseignarformsins fyrir starfsemi Austurbrúar. Í ljósi þess sé eðlilegt að í lok ársfundar verði honum frestað svo tími skapist til að fara í þessa skoðun og leggja hana síðan fyrir framhaldsársfund í haust. Stjórn samþykkir að leggja eftirfarandi tillögu fyrir ársfund:

Stjórn og framkvæmdastjóra er falið að skoða rekstrarform Austurbrúar með hagkvæmni, ábyrgð og rekstraröryggi að leiðarljósi. Stjórn verði heimilt að leggja niðurstöðu skoðunarinnar og hugsanlegar tillögur um breytingu á reglum stofnunarinnar fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses sem boðaður verður þegar vinnunni er lokið.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 15:35

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Sigrún Birna Björnsdóttir